

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 66/2021

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2114 frá 16. desember 2020 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 að því er varðar tímabundna framlengingu á sérstökum neyðarráðstöfunum til að bregðast við afleiðingum COVID-19-heimsfaraldursins með tilliti til vals á veitanda flugafgreiðsluþjónustu ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2115 frá 16. desember 2020 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 að því er varðar tímabundna framlengingu á sérstökum neyðarráðstöfunum til að bregðast við afleiðingum COVID-19-heimsfaraldursins með tilliti til flugrekstrarleyfa ⁽²⁾.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 64a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32020 R 2114:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2114 frá 16. desember 2020 (Stjtið. L 426, 17.12.2020, bls. 1),
- **32020 R 2115:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2115 frá 16. desember 2020 (Stjtið. ESB L 426, 29.4.2019, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2020/2114 og (ESB) 2020/2115, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 426, 17.12.2020, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 426, 17.12.2020, bls. 4.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.